

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar fyrir svæði 1 í landi Búrfells – Lækjarbakki 12 og 33.
Í breytingunni felst að verið er að rýma til fyrir gönguleið upp frá nyrsta hluta frístundabyggðarinnar, á milli lóðanna Lækjarbakka 12 og 33. Norðvesturmörk lóðarinnar Lækjarbakki 12 eru færð austar og austurmörk Lækjarbakka 33 eru aðlöguð breytingunni þannig að jafnt bil er á milli lóðamarka lóðanna þar sem gönguleiðin liggur. Eftir breytinguna er lóðin Lækjarbakki 12, landnr. 205930, 6.719 m² að stærð og lóðin Lækjarbakki 33, landnr. 205935, er 7.334 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 16. júní 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. maí 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016